

Búddistasamtökin SGI á Íslandi sendir hér með umsögn um drög að grænbók um sjálfbært Ísland.

Við hjá SGI á Íslandi viljum, eftir að hafa kynnt okkur drögin, koma með eftirfarandi tillögur:

1.

Í kaflanum um gildi leggjum við til að bætt verði við hugtakinu „nægjusemi“, t.d. í hluta 4.4.2. þar sem fjallað er um réttlát umskipti fyrir heimilin, fyrirtæki og stjórnsýsluna. Nægjusemi er gildi sem við þurfum öll að tileinka okkur til að allir geti lifað mannsæmandi lífi hér á jörðinni í sátt við umhverfið.

2.

Einnig í kaflanum um gildi í hluta 4.4.3 „engin skilin eftir“ er talað um að viðurkenna og virða fjölbreytileika mannfólks. Okkur langar að ganga lengra og bæta við, að við eigum að fagna fjölbreytileikanum og að fjölbreytileikinn, bæði meðal mannfólks og fjölbreytileikinn í náttúrunni, hafi gildi í sjálfu sér og að hann sem slíkur felur í sér verðmæti.

3. Í grænbókinni er mikið rætt um efnahag og efnahagslegan vöxt. Við leggjum hins vegar til að teknar verði upp fjölbreyttari mælikvarðar á vegferð samfélagsins, eitthvað í líkingu við „velsældarvísa Hagstofunnar“. Að skoðuð sé t.d. hamingju vísitala þjóðarinnar. Við teljum mikilvægt að við gerum þessum mælikvörðum hærra undir höfði en bara efnahagslegum vexti sem varpar ekki ljósi á raunverulegan líðan einstaklinga í samfélaginu. Frekar en að hafa stöðuga kröfu um hagvöxt ætti að leggja áherslu á jafnvægi hagkerfisins og áhrifa þess á lífríkið og samfélagið.

4. Í kaflanum um menntun 4.3.3 finnst okkur að of mikil áhersla sé lögð á menntun sem leið til að efla atvinnulífið. Við viljum setja inn kafla um að tilgangurinn með menntun sé hamingja einstaklingsins. Í sama kafla viljum við einnig tala um menntun til að stuðla að friðarmenningu. Inni á vef menntamálastofnunar er vísað í Haag-áætlunina um frið og alþjóðabaráttu fyrir friðarfræðslu og mætti þá skilgreiningu inn í kaflann, þar segir: „Friðarmenning mun verða ríkjandi þegar þegnar heims öðlast skilning á hnattrænum vandamálum, verða hæfir til að leysa ágreining og berjast fyrir réttlæti á friðsamlegan hátt, lifa samkvæmt alþjóðlegum reglum um mannréttindi og jafnræði, styðja menningarlega fjölbreytni og sýna jörðinni, sem og hver öðrum, virðingu. Slíku markmiði verður aðeins náð með skipulegri friðarfræðslu.“

5. Að lokum viljum við leggja til að einhver staðar í grænbókinni verði talað um afnám kjarnorkuvopna. Ísland hefur enn ekki skrifað undir bann Sameinuðu þjóðanna við notkun kjarnorkuvopna en nú þegar hafa 92 ríki undirritað samninginn. Kjarnorkuvopn ógna jörðinni sjálfri, öllu lífríki og öllu mannkyni. Útrýming þeirra er grundvallaratriði í friðarbaráttunni og þegar kemur að málefnum er varðar sjálfbærni og umhverfisvernd. Við leggjum til að Ísland beiti sér fyrir afnámi kjarnorkuvopna og að Ísland undirriti áður nefndan sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Virðingarfyllst
f.h. Búddistasamtakanna SGI á Íslandi
Eygló Jónsdóttir formaður